Nr. 14.
9.
ágúst.

# Lög

um

bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla og fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Það er bannað öllum öðrum en hlutaðeigendum rjettum, enda þótt eigi búi nein svik undir, að búa til þesskonar hluti, er fyrir lögun sína og annan frágang eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum peningum eða peningaseðlum, ríkisskuldabrjefum eður öðrum skuldabrjefum eða hlutabrjefum, er hljóða upp á handhafa, og leigumiðum þeirra.

2. gr.

Svo er og bannað að flytja til landsins eða láta ganga manna á meðal hluti þá, er eigi má búa til hjer á landi samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—200 kr., nema þyngri hegning sje viðlögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð. Hlutir þeir, sem í banni laga þessara hafa gjörðir verið eða fluttir til landsins, skulu upptækir gjörðir og ónýttir.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 9. ágúst 1889.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 14. Lög 9. ágúst um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla og fl.

# Lov

Nr. 14.
9de
August.

om

## Forbud mod Efterligning af Mønt og Pengesedler m. m.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Forfærdigelse af saadanne Gjenstande, som ved deres Form og øvrige Udstyring frembyde en væsentlig ydre Lighed med inden- eller udenlandske Mønter eller Pengesedler, med Statspapirer eller med andre paa Ihændehaveren lydende Obligationer eller Aktier med dertil hørende Koupons, er, selv om dermed ikke er forbunden nogen svigagtig Hensigt, forbudt enhver Uvedkommende.

§ 2.

De Gjenstande, hvis Forfærdigelse her i Landet i Medfør af § 1 ikke er tilladt, forbydes det ligeledes at indføre saa vel som at sætte i Omløb her i Landet.

§ 3.

Overtrædelser af denne Lov anses, forsaavidt højere Straf ikke er forskyldt efter den almindelige Lovgivning, med Straf af Bøder fra 10—200 Kr., der tilfalde Landskassen. De i Strid med denne Lov forfærdigede eller indførte Gjenstande blive at konfiskere og tilintetgjøre.

Sager angaaende Overtrædelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 9de August 1889.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*

Nr. 14. Lov 9de August om Forbud mod Efterligning af Mønt og Pengesedler m. m.

(Optrykt Side).